

BORGARRÁÐ 21. mars 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að gera bólusetningar að skilyrði við innritun barna á leikskólum í Reykjavík - R18090041

Borgarráð samþykkir að leikskólar Reykjavíkurborgar nýti heimild í lögum um leikskóla nr. 90/2008 til að gera almennar bólusetningar að skilyrði við innritun barna. Við innritun skal foreldri eða forráðamaður barns veita samþykki fyrir nauðsynlegri öflun upplýsinga um bólusetningar barns. Skal barn eingöngu hljóta innritun á leikskóla hafi það hlotið, og muni það áfram hljóta, allar þær bólusetningar sem sóttvarnarlæknir mælir með frá þriggja mánaða aldri til fjögurra ára aldurs. Undantekningar frá skilyrðinu má veita ef læknisfræðilegar ástæður eða erfiðar félagslegar aðstæður hamla bólusetningu.

Eins verði starfsfólki leikskóla Reykjavíkurborgar gert að framvísa bólusetningarvottorði til staðfestingar á að það hafi sjálft undirgengist allar almennar bólusetningar.

Tryggt verður að með upplýsingar um bólusetningar barna og starfsfólks verði farið eftir ákvæðum persónuverndarlaga nr. 90/2018. Fela skal skóla- og frístundasviði nánari útfærslu tillögunnar, sérstaklega hvað varðar utanumhald með bólusetningum og sérstakar undanþágur frá skilyrðinu.

Greinargerð með tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að bólusetningar verði gerðar að skilyrði við innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar.

I. Þátttaka í almennum bólusetningum

Þátttaka í almennum bólusetningum á Íslandi er ekki viðunandi að mati sóttvarnarlæknis. Minnki þátttaka enn frekar má búast við að héraendis fari að breiðast út sjúkdómar sem ekki hafa sést um árábil.

Í júní 2018 birti sóttvarnarlæknir uppgjör um þátttöku í almennum bólusetningum barna á Íslandi. Í uppgjörinu tók sóttvarnarlæknir eftirfarandi fram:

„Ljóst er að þátttaka í bólusetningum við 18 mánaða og 4 ára aldur heir á landi er ekki áætlanleg og ef fram heldur sem horfir, þá geta blossað heir upp bólusetningasjúkdomar sem ekki hafa sést um árábil. Í því samhengi má minna á að nú geisar langvinnur mislingafaraldur í Evrópu og viðá annars staðar hafa mislingar stöðugt haldið foitfestu. Stök tilfelli hafa sést heir í tengslum við ferðalög á undanförunum árum en ef þátttöku hrakar frekar er nokkur hætt á að slíkt tilfelli gætu smitað út frá sér.“

Í uppgjörinu kemur einnig fram að æskilegt hlutfall fullbólusettra barna í öllum árgöngum sé 95% svo unnt sé að hindra útbreiðslu ef mislingar berast til landsins. Alþjóðaheilbrigðisstofnun notast við sama viðmið. Núverandi hlutfall fullbólusettra er nú nær 91% og því ófullnægjandi.

II. Mislingafaraldur í Evrópu

Samkvæmt alþjóðaheilbrigðisstofnun hafa mislingar náð gífurlegri útbreiðslu í Evrópu síðastliðin tvö ár. Eftirfarandi tölfræði var birt á vef stofnunarinnar þann 21. ágúst 2018.

Mislingatilfelli í Evrópu

2018 (fyrstu 6 mán.): 41.000+ tilfelli

2017: 23.927 tilfelli

2016: 5.273 tilfelli

Tölfræðin sýnir að mislingatilfelli hafa nær sextánfaldast síðastliðin tvö ár. Voru þjóðir

sérstaklega hvattar til að beita foreldra auknum þrýstingi hvað varðar bólusetningar barna.

Undanliðnar vikur hafa mislingatílfelli komið upp hérlendis, meðal annars á leikskólum annarra sveitarfélaga. Hættan á útbreiðslu mislingar hérlendis hefur því raungerst og eðlilegt að stjórnvöld bregðist við.

III. Heildarhagsmunir samfélagsins

Óbólusettum börnum fer fjölgandi og er hlutfall þeirra nú 9%. Talið er að eingöngu um 2% foreldra séu mótfallin bólusetningum. Af tölfræðinni má því ætla að um 7% barna séu óbólusett af öðrum ástæðum. Foreldrar þessara barna eru í langflestum tilfellum að gleyma sér.

Heilsugæslur hafa hrint af stað fræðslu- og eftirfylgniátaki en átakið virðist ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Sannarlega má vona að átakið beri meiri árangur með tímanum en vandinn er sá að útbreiðsla smitsjúkdóma er hröð. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs hafa yfir 41.000 mislingatílfelli greinst í Evrópu. Hversu lengi ætlum við að bíða?

Setja þarf hagsmuni barna í forgrunn - tryggja þeim öryggi og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Það þjónar heildarhagsmunum samfélagsins að tryggja áfram hjarðónæmi og koma þannig í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma á Íslandi.

IV. Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Með hliðsjón af þeim aðstæðum sem uppi eru í Evrópu, þeim mislingatílfellum sem greinst hafa hérlendis undanfarið og í ljósi þess að óbólusettum börnum fer fjölgandi hérlendis, er lagt til að Reykjavíkurborg geri almennar bólusetningar að skilyrði við innritun í leikskóla borgarinnar. Við innritun verði óskað samþykkis foreldra fyrir nauðsynlegri öflun upplýsinga um bólusetningar barns. Markmiðið ætíð að tryggja börnum aukna heilsuvernd. Frá reglunni verði þó sanngjarnar undantekningar. Eins verði starfsfólki leikskólanna gert skylt að hafa undirgengist almennar bólusetningar.

Tillagan sækir fyrirmynd til fjölda annarra Evrópuþjóða sem búa við sambærilegt lagaumhverfi. Hún sækir stoð í lög um leikskóla og meðferð upplýsinganna færi eftir ákvæðum persónuverndarlaga.

Tillagan gæti reynst foreldrum óbólusetttra barna tiltekin hvatning. Skilyrðinu yrði ekki beitt af harðræði. Foreldrum mætti gefa góðan aðlögunartíma og þeim veitt aðstoð við að ljúka bólusetningum barna sinna. Útfæra mætti samstarf við heilsugæslur um sprautþjónustu inni á leikskólum. Verkefnið yrði unnið í góðri samvinnu hlutaðeigandi aðila.

V. Undanþágur frá skilyrðinu

Frá tillögunni yrðu gerðar sanngjarnar undanþágur, þá helst í tveimur tilvikum, en skóla- og frístundasviði yrði þó falin nánari útfærsla.

- a. Tekið yrði tillit til þeirra sem af heilsufarsástæðum mega ekki vera bólusettir. Þessum einstaklingum er sérlega nauðsynlegt að annað fólk þiggi allar almennar bólusetningar, enda reiða þessir einstaklingar sig á hjarðónæmi samfélagsins.
- b. Tekið yrði tillit til barna sem búa við sérstaklega erfiðar félagslegar aðstæður sem leiða til þess að bólusetningum er ábótavant. Hér er reynt að draga úr þeim mögulegu áhrifum að tillagan jafarsetji óbólusett börn. Fræða þarf foreldra óbólusetttra barna og styðja börnin sérstaklega svo þeim séu tryggð þroskavænleg skilyrði.

VI. Samantekt

Sóttvarnarlæknir telur ekki þörf á þessu stigi að skyldubinda bólusetningar. Það skal þó haft í huga að sóttvarnarlæknir setur ekki inngönguskilyrði á leikskóla. Það gera sveitarfélög með heimild í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Sóttvarnarlæknir gefur ekki út tilmæli um skyldubundnar bólusetningar nema faraldur fari af stað hérlendis. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun hvort sveitarfélög vilji ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir – hvort sveitarfélög vilji bregðast við þeirri hættu sem upp er komin.

Þetta er djart skref sem borgarstjórn getur stigið með samfélagslega hagsmuni og lýðheilsu að leiðarljósi.